

Reykjavík,
17. janúar 2025

TILLAGA

að ályktun um kröfu um stórbættra fjarnámskosta

Undirritaður leggur til að Stúdentaráð Háskóla Íslands samþykki eftirfarandi ályktun.

„SHÍ krefst þess að Háskóli Íslands beiti sér fyrir því að stórbæta möguleika nemenda til fjarnáms við háskólann. Mikilvægt er að Háskóli Íslands sé aðgengilegur nemendum óháð búsetu.

SHÍ telur að venjan ætti að vera sú að námskeið séu einnig í boði í fjarnámi, nema góður og gildur rökstuðningur sé fyrir hendi. Frekar en að möguleiki til fjarnáms sé undantekning. Horfa þarf sérstaklega til námsleiða í grunnnámi.

Það er skylda skólans að vera háskóli alls Íslands.“

RÖKSTUÐNINGUR

Það er einlæg trú mín að Háskóli Íslands á að vera háskóli alls Íslands, ekki einungis höfuðborgarsvæðisins. Framboð á grunnnámi sem er í boði í fjarnámi telst seint til fyrirmyndar. Af sviðum Háskóla Íslands stendur Menntavísindasvið sig best og býður upp á leikskólakennaranám, hinar ýmsu tegundir grunnskólakennaranáms, uppeldis- og menntunarfræði, eða þroskaþjálfarafræði. Á Félagsvísindasviði er valið á milli þjóð-, kynja-, mann-, eða safnafræði. Svo er eini fjarnámsmöguleikinn á Hugvísindasviði íslenska sem annað tungumál. Það segir sitt að ég get í stuttu máli listað upp allt grunnnám HÍ sem er í boði í fjarnámi.

HÍ býður upp á fjölbreyttari námsleiðir en aðrir háskólar á Íslandi og væri það því mikil bót fyrir þau sem búa á landsbyggðunum ef það yrði aðgengilegt þeim sem fjarnám. Að geta mætt í tíma á staðnum og tekið þátt á staðnum er stórgott og mikill kostur í námi, mun ég ekki draga úr mikilvægi beinna mannlegra samskipta í persónu. Því miður eru ekki allir í þeirri stöðu að geta flust búferlum og stundað sitt nám á höfuðborgarsvæðinu, sem hefur þær afleiðingar að gríðarstór hluti af því háskólanámi sem er í boði á Íslandi er ekki aðgengilegur fyrir fólk á landsbyggðunum.



Með því að bjóða upp á fjarnám, í hvaða svo sem formi sem það væri, svo sem með rauntímamætingu á fjarfundi eða í netnámi, opnast háskólinn í meira magni fyrir öllu landinu og gæti hann því kallað sig Háskóla Íslands sem stolti.

Gunnar Ásgrímsson
Sviðsráðsforseti Menntavísindasviðs og stúdentaráðsliði